



Safnaðarblað Glerárkirkju

3. tbl. 25. árg.

Desember 2010

„Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu, af því að eigi var rúm handa þeim í gistihúsi“. Lúk. 2:7.



Ljós jólanna

ENN ER HÚN KOMIN - TÍÐ AÐVENTU OG JÓLAHÁTIÐARINNAR GÓÐU, MEÐ ÖLLU SEM FYLGIR, EFTIR SIÐUM OG VENJUM LANDS OG ÞJÓÐAR. VIÐ MUNUM FLEST HALDA OKKAR HÁTTUM EINS OG VIÐ ERUM VÖN Í SAMHENGI MÁLS OG GERA OKKUR DAGAMUN. VIÐ MUNUM INNAN RAMMA HÁTIÐARINNAR LÍTA YFIR LÍFIÐ OG OKKUR SJÁLF Í LJÓSI OG BIRTU BOÐSKAPARINS UM FÆÐINGU FRELSARANS. VIÐ MUNUM ORNA OKKUR VIÐ HLÝJAR MINNINGAR OG VONANDI ENDURUPPGÖTVA KJARNA MÁLSINS SEM ER AÐ GÓÐUR GUÐ, HöFUNDUR LÍFS OG HEIMS, Á VIÐ ÞIG OG OKKUR ÖLL PERSONULEGT ERINDI.

Hvað er það erindi?

„Komdu og sjáðu“ - segir frelsarinn góði, „fylgdu mér“ segir hann. Hann kallar þig til samfélags við sig og þar með samfélags við hann sem er skapari himins og jarðar. Hjá honum má finna svörin sem duga, leiðsögnina sem ekki bregst.

Í frásögnum guðspjallanna, af orðum og athöfnum frelsarans Jesú Krists, fáum við fyrir handleiðslu Heilags Anda að kynnast huga Guðs og hjarta - veru hans og vilja. Í þessu er ljós jólanna fólgíð. Hátíð ljóssins er hátíð hans sem er ljós

heimsins - hans sem er hið sanna ljós sem upplýsir hvern mann. Ef við komumst handan við umbúðirnar allar sem umlykja hátiðina, þá munum við höndla innihaldið og kjarnann og finna birtuna, yllinn og blessunina góðu.

Tímarnir sem við lifum eru um margt óvenjulegir og undarlegir, ólga er á flestum sviðum og óvissa um afkomu og framtíð. Táknrænt má telja að barnið sem forðum var lagt í jötu þar sem ekki var rúm handa því/þeim í gistihúsi, skuli mæta því á Íslandi í dag, að nú hafa þeir sig í frammi sem vilja ekki taka á móti því í skólum höfuðborgarinnar. Kristur Jesús kom inn í þennan heim til þess að verða hluti af lífi okkar - lífi mínu og þínu. Hann kom til að vera okkur ljós og björgun frá háská forherðingar og illsku. Bjóðum hann því velkominn þessi jól og ætíð - að hann fái sess og sæti á hverju heimili og í hverju hjarta.

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni að svo megi verða.

**Gunnlaugur Garðarsson,
sóknarprestur**



Adventus – koma drottins

Aðventan er hafin og heilög jól eru á næsta leiti. Annríki og erill upplifa margir á þessum tíma ársins. Þeytingur til og frá virðist vera regla fremur en undantekning og illskiljanlegt er hvernig tíminn ædir áfram. Alls kyns uppákomur eru í lífi margra fastur liður á aðventunni. Áhyggjur af ýmsu tagi geta gert vart við sig og tilfinningar eins og sorg og eftirsjá vegna látinna ástvina láta á sér kræla. Allt þetta er þekkt á aðventunni en vert er að hafa í huga að allt sem á sér upphaf á sér einnig endi. Það mestu máli skiptir er það sem þar er á milli.

Adventus er latína og merkir tilkoma, koma drottins. Leiðum hugann að því sem aðventan á að fára okkur. Njótmum hennar eins og við best getum,

nýtum okkur þau tækifæri sem okkur gefast og það sem lífið hefur upp á að bjóða. Við skulum samt ekki gleyma því að á aðventunni undirbúum við okkur fyrir komu jólahátiðarnar. Við horfum fram veginn og væntum þess góða, enda er jólahátiðin tími þess góða og bjarta. Í boðskapi aðventunar er talað um ljósíð sem skín og sjónum okkar mannana er beint að ljósini. Í ljósini felst von, birta og gleði og hlutverk kirkjunnar er að beina sjónum okkar að hinu góða og bjarta. Með því skiljum við hinn sanna boðskap jólahátiðarnar - hátiðar lífsins og ljóssins.

Megi Guð gefa ykkur gleðilega jólahátið.

*Helgi Teitur Helgason,
formaður sóknarnefndar.*



Haustferð fermingarbarna

Fastur liður í fermingarfæðslunni í Gleráarkirkju eru dagsferðir á Löngumýri og á Hóla í Hjaltadal. Sem fyrr ríkti gleði og ánægja í hópi fermingarbarna sem fengu að kynnast dómkirkjunni á Hólum og Auðunnarstofu, auk þess sem þau fóru í leiki á hlaðinu þar og lögðu á sig að ganga upp í klukkturninn sem reistur var við hlið kirkjunnar til minningar um Jón Arason.

Meginhluta dagsins dvöldu þau á Löngumýri þar sem skiptist á fræðsla og leikur. Að sjálfsögðu brugðu þau sér í heita pottinn og nutu ríkulegs fæðis á staðnum. Á heimleidinni var svo komið við í kirkjunni á Miklabæ þar sem endað var með helgistund. Með í för voru prestar og djákni kirkjunnar ásamt

þremur erlendum sjálfboðaliðum sem starfa við Gleráarkirkju þessa dagana.

Ást fyrir lífið

- Hjónabandsbókin -

Vilt þú gera þitt hjónaband betra? „Ást fyrir lífið“ er hjónabandsbók sem kom út á dögunum hjá Bókaútgáfunni Tindi, en þýðandi hennar er Pétur Björgvin djákni.

Hún er ætluð fólk sem vill leggja í sjálfsnám og vinnu við eigið hjónaband. Lögð er áhersla á vinnu með dyggðir eins og polinmæði og heiðarleika, tekið á mannlegum þáttum eins og sjálfselsku, afbrýðisemi, girnd og öfund, og



Umræðu- og fræðslukvöld í Gleráarkirkju

Á mánudögum í febrúar og mars næstkomandi verður boðið upp á fræðslukvöld í Gleráarkirkju þar sem Þjóðgildin í túlkun Gunnars Hersveins eru viðfangsefnið auk þess sem að þau eru tengd hvert kvöld einni dæmisögu eða kraftaverkafrásögn Nýja testamentisins. Stuðst er annars vegar við samnefnða bók eftir Gunnar Hersvein og hins vegar við sögur Bibliunnar.

Fræðslukvöldin verða að venju frá klukkan 20:00 til 22:00. Þau munu hefjast með helgistund í kirkjunni og frásögn í tengslum við Bibliutextann.

Að loknu smá kaffihléi er sest niður og rýnt í texta Gunnars Hersveins, en einn kafli bókarinnar er lagður til grundvallar hverju kvöldi að undanskyldu fyrsta kvöldinu þar sem námskeiðið verður kynnt og yfirlit gefið yfir innihald næstu sjö kvölda.

Það eru allir velkomnir og aðgangur er sem fyrr ókeypis.

Nánar má fræðast um bók Gunnars Hersveins á www.tjodgildin.is



lesandinn hvattur til að leysa ýmis verkefni sem eru til þess fallin að bæta hjónabandið. Bókin hentar jafnt hjónum sem og einstaklingum sem vilja bæta sambúð og sambönd.

Höfundar eru Stephen og Alex Kendrick.



Fermingarbörn í Glerárkirkju eru frábær

Það verður ekki annað sagt enn að fermingarbörn í Glerárkirkju séu aldeilis frábær. Ef þau eru ekki frábær er það enginn.

Í fyrstu viku í nóvember gengu þau í hús í sinni sókn og söfnuðu fyrir vatnsvirkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku. Dugnaðurinn og samviskusemin var súlik að frábær árangur náðist. Þau söfnuðu samtals 364.351 krónu, sem er ótrúlegur árangur! Þau höfðu hitt góðan gest frá Úganda Stephen Ssenkima sem sagði frá erfíðum aðstæðum, vatns-

skorti og hvernig mörg munaðarlaus börn heyja erfíða lífsbaráttu á hverjum degi. Þau vildu greinilega leggja sitt af mörkum til að bæta ástandið.

Upphæðin sem þau söfnuðu dugar t.d. fyrir tveim handgröfnum brunnum sem veita hundruðum hreint vatn til fjöldu ára og jafnvel fyrir vatnstanki líka. Með svona ungmenni er ekki hægt annað en að vera bjartsýnn um framtíðina, hún er þeirra. Þegar þetta er skrifað hafa fermingarbörn á öllu landinu safnað samtals 7,5 milljónum króna og



enn eru ekki komnar tölur frá öllum sóknum.

Kæru fermingarbörn í Glerárkirkju, þið eruð til fyrirmynnar, INNILEGAR PAKKIR og Guð blessi ykkur.

*Kær kveðja,
Bjarni Gíslason,
Hjálparstarfi kirkjunnar.*

Kvenfélagið Baldursbrá

Kvenfélagið Baldursbrá sendir öllum hugheilar jóla og áramótakveðjur. Það er einlæg ósk okkar og bæn að við öll ræktun trú okkar og allt sem að gott er. Biðjum hvert fyrir öðru og láum núverandi ástand í þjóðfélagsmálum á okkar fallega landi ekki ná yfirhöndinni hjá okkur.

Kvenfélagið Baldursbrá sem hefur fundaraðstöðu í Glerárkirkju er ávallt opið fyrir nýjum félögum, og aðalmarkmiðið er að láta gott af sér leiða. Fyrir hönd félagsins.

*Snjólaug Ósk Aðalsteinsdóttir,
formaður, sími 462-1509.*

Kór Glerárkirkju

Kórstarfið í haust hefur verið mjög líflegt og skemmtilegt. Í september hófust æfingar á efni fyrir Kórahátíð í Hofi sem haldin var þann 23. október með þátttöku fjölmargra kóra á Norðurlandi. Kórahátíðin tókst með ágætum og við þökkum kærlega fyrir okkur.

Kórinn tók þátt í tónleikum til styrktar Aflinu sem haldnir voru í Akureyrarkirkju 4. nóvember. Þetta var kórfélögunum til mikillar ánægju og vonandi líka þeim er á hlýddu.

Um mánaðamótin október, nóvember hófust æfingar fyrir jólatonleika kórsins sem ákveðið hefur verið að hafa með aðeins öðru sniði en venjulega. Vitað er að margir hafa gaman af að syngja gömlu góðu jólalög og sálmania og því langar okkur til að bjóða gestum að syngja með. Efnisskráin verður mjög fjölbreytt og hugsuð fyrir fólk á öllum aldri. Kórinn flytur nokkur lög sem kannski eru ekki öllum kunn en svo syngjum við saman þau lög sem

fólk þekkir. Þeir sem eru ekki alveg vissir á textunum þurfa ekki að hafa áhyggjur, þeir verða prentaðir og afhentir við innganginn.

Við fáum gesti sem vert er að kynna. Hvannsdalsbræður mæta, hressir að vanda og flytja jólalög sem þeir hafa verið að vinna að í haust og búið er að taka upp. Kórinn syngur með þeim í hinu gullfallegra jólalagi „Ó helga nött“. Undirleikari með kórnnum verður Risto Laur. Kynnir á tónleikunum verður Óskar Pétursson og hann getur ábyggilega ekki stillt sig um að taka aðeins undir með okkur.

Jólatonleikarnir verða þann 12. desember kl. 16.00, enginn aðgangs-eyrir og allir velkomnir.

Að jólotonleikum loknum taka við æfingar fyrir jólahátíðina. Það er mikil að gera hjá kórnnum á þessum árstíma en jafnframt mjög gaman. Fara þarf yfir hátíðarsvör Séra Bjarna Þorsteinssonar sem sungin eru við athafnir um jól og áramót og einnig á páskum og um



hvitastunnu. Líka þarf að líta aðeins yfir jólásálmana.

Kórinn syngur við 6 athafnir í kirkj уни um jólín. Allur kórinn syngur við aftansöng á aðfangadag jóla en við miðnæturnmessu syngja sjálfboðaliðar. Kórinn syngur allur við hátíðarguðspjónustu á jóladag. Um áramótin skiptist kórinn í two hópa annar syngur við aftansöng á gamlársdag, hinn hátíðarmessu á nýársdag.


Eftir áramót fáum við okkur smáfrí frá æfingum, en um miðjan janúar hefst starfið aftur að fullum krafti.

Enn getum getum bætt við okkur félögum í tenór og bassa. Áhugasamir hafi samband við stjórnanda kórsins, Valmar Váljaots í síma 849-2949 eða á netfangið: valmar@glerarkirkja.is

Með kveðju og óskum um gleðileg jól og farseld á komandi ári.

*Félagar og stjórnandi Kórsins
Glerárkirkju.*

Helgihald í Glerárkirkju á aðventu og jólum



Sunnudagur 5. desember

- ★ **Messa og barnastarf kl. 11.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Väljaots.
- ★ **Aðventukvöld kl. 20:30.** Ræðumaður er Jón A. Baldvins-son, vígslubiskup á Hólum. Ljósathöfn og mikill söngur. Kór Glerárkirkju syngur ásamt Æskulýðskór kirkjunnar.

Sunnudagur 12. desember

- ★ **Messa og barnastarf kl. 11.** Prestur sr. Gunnlaugur Garðarsson. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Väljaots.
- ★ **Jólatónleikar Kórs Glerárkirkju kl. 17:00.**

Fimmtudagur 16. desember

- ★ **Jólasamvera eldri borgara kl. 15.**

Sunnudagur 19. desember

- ★ **Fjölskylduguðspjónusta kl. 11.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson leiðir stundina ásamt Pétri Björgvin Þorsteinssyni, djákna. Æskulýðskór kirkjunnar leiðir söng. Barnastarf fyrir yngri börn á sama tíma í safnaðarheimili. Sameiginlegt upphaf.
- ★ **Kvöldguðspjónusta með léttari tónlist kl. 20:30.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson leiðir stundina ásamt Krossbandinu sem leiðir söng.

24. desember - Aðfangadagur jóla

- ★ **Aftansöngur kl. 18:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Kór Glerárkirkju syngur. Organisti er Valmar Väljaots
- ★ **Miðnæturmessi kl. 23:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja og leiða almennan söng. Organisti er Valmar Väljaots.

25. desember - Jóladagur

- ★ **Hátiðarguðspjónusta kl. 14:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Kór Glerárkirkju syngur undir stjórn Valmars Väljaots.

26. desember - Annar dagur jóla

- ★ **Fjölskylduguðspjónusta kl. 13:00** (Ath. Tímasetningu) Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni, þjóna. Helgileikur. Barna- og æskulýðskórar Glerárkirkju syngja.

31. desember - Gamlársdagur

- ★ **Aftansöngur kl. 18:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja undir stjórn Valmars Väljaots.

1. janúar 2011 - Nýársdagur

- ★ **Hátiðarmessa kl. 14:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja undir stjórn Valmars Väljaots.

ATH: Hádegissamverur eru alla miðvikudaga kl. 12:00

Glerárkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 4627676 (heim) og 864 8455 (gsm). Netfang: gunnlaugur@glerarkirkja.is

Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: arna@glerarkirkja.is

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864 8451 (gsm). Netfang: petur@glerarkirkja.is

Starfsfólk Glerárkirkju

Umsjónarmaður er **Sverrir Pálmason**. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju), 462 2491 (heim) og 864 8453 (gsm). Netfang: sverrir@glerarkirkja.is. Organisti er **Valmar Väljaots**. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og 849 2949 (gsm). Netfang: valmar@glerarkirkja.is

Kirkjuverðir eru **Sigríður Albertsdóttir**, gsm 847 9025 og **Jón Oddgeir Guðmundsson**, gsm 894 4301.

Umsjón með eldhúsi hefur **Sigurrós Anna Gísladóttir**, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Glerárkirkju er að finna á www.glerarkirkja.is

Glerárkirkja: Sími 464 8800 - Fax: 464 8809 - www.glerarkirkja.is - glerarkirkja@glerarkirkja.is



Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: -ghs • Prentun: Ásprent